

## 20. stjórnarfundur LH 25. september 2012

### Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal

**Mætt eru:** Haraldur Þórarinnsson (HP), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson (SÆ), Andrea Þorvaldsdóttir (AP), Gunnar Sturluson (GS), Þorvarður Helgason (ÞH) Erla Guðný Gylfadóttir (EGG), Sigrún Þórðardóttir (SP) og Maríanna Gunnarsdóttir (MG)

Gestir Björn Endurskoðandi og Haraldur Örn Gunnarsson framkv.stj. LM og LH. Bjarnleifur Bjarnleifsson formaður landsliðsnefndar.

#### 1. Fundargerð

Síðasta fundargerð var samþykkt með breytingum.

#### 2. Uppgjör Landsmóts 2011

Björn Björgvinsson endurskoðandi kynnti drög að ársuppgjöri Landsmóts ehf. fyrir árið 2011, en þar ber hæst rekstur á Landsmóti sem haldið var á Vindheimamelum 2011. og Niðurstaða rekstrarreiknings 2011 er sú að tap var af rekstrinum upp á 2.895.448 kr. Er því ljóst að Landsmótið 2011 stóð ekki straum af kostnaði við rekstur félagsins það ár

#### 3. Uppgjör Landsmóts 2012

Björn Björgvinsson kynnti drög að uppgjöri fyrir fyrri hluta ársins 2012 fyrir Landsmót ehf., en þar var Landsmótið sem haldið var í Víðidal 2012 uppistaða reikningsins. Eftir er að klára nokkur mál við Hestamannafélagið Fák svo hægt verði að ganga frá lokauppgjöri. Lúta þau að greiðslu kostnaðar við framkvæmdir á svæðinu.

Bréf frá hestamannafélaginu Fák dagsett 25.09.2012 var tekið fyrir. Skv. uppgjöri árshlutareiknings Landsmóts 2012 telur stjórn LH að með því að greiða ýmsa liði sem áttu að vera til staða skv. samningi LM og Fáks frá 5. mars 2010, hafi LM lokið við greiðslu á öllu því sem greiða á Faki, og að auki eigi LM inni hjá Faki vegna liða sem LM lagði út fyrir en áttu að vera til staðar skv. fyrrnefndum samningi. Var kröfu Fáks því hafnað og HP falið að svara bréfinu.

#### 4. Landsliðsnefnd HM2013

Formaður landsliðsnefndar kynnti skýrslu liðsstjóra og landsliðsnefndar frá NM 2011. Árangur var ágætur og fjárhagsleg niðurstaða var góð.

Kynntur var „Lykill að vali Íslenska landsliðsins fyrir HM2013. Var hann samþykktur af stjórn LH.

Kynnt var fjárhags- og verkáætlun landsliðsnefndar fram að HM2013.

#### 5. Landsþing

Lögð voru fram þingskjöl fyrir Landsþing 2012. Umræðum frestað til næsta fundar.

#### 6. Önnur mál

##### a. Þingforsetar

Ákveðið var að HP og GS muni koma með tillögur að þingforsetum fyrir Landsþing 2012.

##### b. Gullmerkishafa

Kynntar voru tillögur aðildarféлага LH vegna tilnefninga til gullmerkishafa á Landsþingi 2012. Umræðum frestað til næsta fundar.

**c. Bréf vegna Suðurlandsmót 2012**

Bréfið var mótttekið og því var vísað til keppnisnefndar.

**d. Verðlaun á Landsmótum**

Ákveðið var að setja saman reglugerð hvernig skuli tekið á móti verðlaunum sem gefin eru til minningar um einhverja á stórmótum sem haldin eru á vegum LH. HP mun kynna drög á næsta stjórnarfundum.

**e. Framkvæmdarstjóri LH**

Framkvæmdarstjóra LH og LH hefur verið sagt upp störfum og mun hann vinna sammingsbundinn uppsagnartíma.

**f. Youth Cup 2014**

AP sagði að í skoðun væri að halda Youth CUP 2014 að Hólum í Hjaltadal.

**g. Skráningarkerfi hestamanna**

OH sagði frá því að nýtt skráningarkerfi fyrir hestamenn, vað kerfið sýnt á fundinum og lýstu stjórnarmenn mikill á ánægju á verkefninu. OH mun boða til fundar með þeim aðilum lýst höfðu yfir áhuga á að vera með í verkefninu. Einnig verður lagt upp með að kynna kerfið fyrir hestamannafélögunum á næsta Landsþingi.

**h. Kappi og Sporfengur**

Hafin er þarfagreining á nýjum Kappa í samvinnu við BÍ. Markmiðið er að koma nýjum kappa í vefviðmót. Í framhaldinu verður unnið að verk- og kostnaðaráætlun í samvinnu við BÍ.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*